

gluggann, sem sneri út að ferjupallinum. Þar stóð hún áhyggjufull og horfði á þá sem fóru, eins og hún væri að leita að einhverjum á meðal þeirra. Þegar hún var búin að standa góða stund, varð henni litið á ferjuklukkuna.

“Klukkan er bráðum sex”, sagði hún við sjálfa sig og andvarpaði þungt. Hann lofaði að verða hér kl. fimm, skyldi hann ekki ætla að koma, og við þessa hugsun færðist roði í kinnar hennar. En eftir litla umhugsun brosti hún og sagði:

“Mikill kjáni get þú verið að láta mér detta slíkt í hug. Auðvitað kemur hann, því ef hann hefði ekki ætlað sér að koma, þá hefði hann aldrei þrábeðið mig að finna sig, þvert á móti eigin vilja mínum, en er ég að gera rétt með að mæta honum svona? Það tjáir ekki að hugsa um það í þetta sinn. Ég vildi að hann færi að koma, því Hugh hættir vinnunni kl sex, og þætti mér verra ef hann sæi okkur hérna”.

En í því hún sagði síðasta orðið, kom inn um hliðið þrúðbúinn laglegur piltur, á að gizka 25 ára gamall, og gekk hann beina leið inn í ferjuhúsið.

“Kæra Alice mín!” sagði hann um leið og hann tók um báðar litlu hendurnar hennu.